

Internetið varð til í Bandaríkjunum árið 1969 til að tryggja öryggi hernaðarlegra gagna vegna ótta við kjarnorku-árásir en einnig til að stuðla að betri samskiptum milli stofnana. Kerfi fyrir tölvupóst var síðan sett upp til að dreifa upplýsingum um netið. Þróunin hélt áfram og árið 1991 kom Veraldarvefurinn, www (World Wide Web), fram í sviðsljósið.

Margir eyða miklum tíma í að leita á netinu og finna oft lítið. Leitin þarf að vera hnitmiðuð og nauðsynlegt er að kunna að nota leitarvefi til að finna það sem leitað er eftir. Leitarvefirnir eru margir og gæðin misjöfn.

Því er mikilvægt að nýta leitarskilyrðin vel, annars verða niðurstöðurnar alltof margar.

Upplýsingaþörf

Hvers vegna er þörf á upplýsingum? – Um hvað er efnið? – Hvaða þekking er til staðar?

Metið upplýsingar og skipuleggið leitina vel

- Hvenær var efnið skrifað? Notið leitarvél þar sem efnið er valið af fagfólki
- Hver er höfundurinn? Fyrir hverja leit skuluð þið nota 2–3 mismunandi leitarvél
- Fyrir hverja er efnið? Hver leitarvél nær aðeins yfir brot af Vefnum
- Notagildi Ekki er alltaf sama efni á leitarfélunum

Leitartækni – Leitarvél

- Hvar er hægt að leita að upplýsingum? – Hvar er best að byrja?



Leitartækni – Leitarorð	
<p>Leitarorð</p> <ul style="list-style-type: none"> • Nöfn á einstaklingum, tímaritum, löndum, stofnunum, titlum bóka, tímaritsgreinar, tímarit Texta úr t.d. tímaritsgreinum, bókaköflum, bókum Efnisorð, t.d. íslensk eða erlend efnisorð Útgefendur Annað, t.d. tímabil, kyn, tungumál Íslensk nöfn: Davíð Stefánsson Erlend nöfn: Nesbo, Jo • Veljið gagnasöfn • Tengid orð • Þrengid leit – Víkkid leit – Geymid leit – Endurskoðid leit Leitin getur verið mismunandi eftir efni. Skipuleggið leitina vel. – Lærið að nota nokkur gagnasöfn. Veljið orðin vel. Þrengid leit við svið og/eða efni (ath. stóran/lítinn staf). Nýtið svokallaða Boolean-leit¹ þar sem hún á við (AND, OR, NOT) Notið gæsalappir ef orð eiga að vera saman: "Hótel Örku" 	<p>Efnisorð</p> <ul style="list-style-type: none"> • Leit að völdu efni Markvissari leitarútkoma. Efnisorð valin sérstaklega. • Orð úr texta t.d. titlum, útdráttum, texta. Veljið hugtök. Finnið samheiti og skyld orð. Leitið með stofni orða. Athugið röð orða. Orð í titli. • Höfundur • Tímaritatitlar

¹ Til að leit skili sem bestum árangri er gott að nota leitaraðferð sem kölluð er **Boolean** leit. Í henni eru notuð orð (eða ták) sem víkka eða þrengja leitarsviðið. **AND**, **OR** og **NOT** eru **alltaf** skrifuð með **hástöfum**.

Booelean-leit (Skilyrðisleit)Samtenging orða **AND – OR – NOT****AND, OR** og **NOT** eru **alltaf** skrifuð með **HÁSTÖFUM**

AND	Finnur aðeins texta sem hefur að geyma umbeðin orð – þrengir leitina. Dæmi: Italy AND football Finnur aðeins síður þar sem bæði orðin koma fyrir.
OR	Finnur texta sem hefur að geyma a.m.k. eitt umbeðinna orða. Dæmi: Italy OR football Finnur aðeins síður þar sem annaðhvort orðið kemur fyrir.
NOT	Útilokar texta sem hefur að geyma umbeðin orð. Dæmi: Italy NOT football Finnur aðeins síður þar sem orðið Italy kemur fyrir (ekki fótboltasíður).

Dæmi um leitarvél:

google	Leiðbeiningar við leit í Google	Gagnasöfn, leitarvélur, bóksölur, orðabækur, heimildir
 <p>Leit.is fór í loftið 16. júní 1999 og hefur verið í stöðugri þróun síðan. Þó nokkrar útgáfur af síðunni hafa litið ljós frá stofnun, allar með það að markmiði að bæta upplifun notenda og gera síðuna aðgengilegri og auðveldari í notkun.</p>		 <p>Leitað er í samskrá íslenskra bókasafna – Gegni að bókum, tímaritum, tímaritsgreinum, tónlist og myndefni. Hér er hægt að finna gögn á bókasöfnum, taka frá efni og endurnýja útlán.</p>

Helstu reglur um leit í leitarforritum

Það sem leita á að er skrifað inn.

Nota má + (plús) eða + (mínus) fyrir framan orð.

+ Verður að innihalda tilgreind orð **-** Orðið má ekki koma fyrir í leitinni**Dæmi:** +animals-birds +music-beatles +sport-box

Nota má gæsalappir ("") utan um orð til að leitað verði að öllum orðunum (Shift+2)

Ath. Ekki má nota séríslenskar gæsalappir („ “) í erlendum leitarvélum.

Ef leitað er að "**hot dogs**" verða orðin **hot dogs** hlið við hlið á síðunum sem finnast.En ef leitað er að **hot dogs** eru leitarorðin meðhöndluð sem sjálfstæðar einingar við leitina.

Nota má * eða \$ í orði sem kemur á í stað einhvers texta. Það gerir leitina víðtækari.

Þegar * er bætt fyrir aftan a.m.k. þrjá stafi í leitarorði finnast orð sem eru stöfuð á svipaðan hátt og innihalda allt að fimm stafi til viðbótar. Stjarnan (*) kemur í stað einhvers texta.

Ef slegið er inn

sing* koma síður með orðunum **sing, singers, singing, Singapore** o.s.frv.**gold*** koma síður með orðunum **gold, goldfinger, golden, goldfish** o.s.frv.**bók*** koma síður með orðunum **bókabúðir, bókaútgefendur, bókhaldspjónustur, bókasöfn** o.s.frv.**"bókabúð"** finnur aðeins **bókabúðir****"bíla"** finnur **bílasölur, vörubíla, bílaleigur** o.s.frv.

- Ef notaðir eru **lágstafir** við leit í ákveðnum forritum eða á netinu birtast öll afbrigði orðsins sem slegið var inn.
- En ef notaðir eru **HÁSTAFIR** birtast öll orð á því formi.
- Ef t.d. orðið **dagur** er slegið inn birtast allar síður þar sem orðið **dagur** kemur fyrir.
- En ef orðið **Dagur** er slegið inn koma upp síður þar sem **Dagur** er sérnafn eða ef orðið stendur fremst í setningu.
- Ef nokkur orð í röð (eða setningarhlutar) eru slegin inn finnur leitarvélin fyrst þær síður sem innihalda allt sem leitað er eftir, því næst aðrar síður sem innihalda einn eða fleiri kosti.

Dæmi um endingar veffangna²

Ending			Vefslóð
.com	Commercial	Fyrirtæki	www.amazon.com
.edu	Educational	Menntastofnun	www.harvard.edu
.org	Organization	Stofnun, samtök	www.ifla.org
.gov	Government	Stjórnvöld	www.whitehouse.gov
.int	International	Alþjóðlegar stofnanir	www.itu.int
.is	Ísland		www.upplýsing.is
.dk	Danmörk		www.bibliotekernesnetguide.dk
.uk	Bretland		www.amazon.co.uk
.de	Þýskaland		www.study-in.de

Lén (Domain) eru svæðisnöfn sem tilheyra skráðum IP-númerum, vélanöfn og veitt IP-samskiptaþjónusta í viðkomandi léni.

Ending lénanna vísar á hvers konar lén er um að ræða, s.s. alþjóðlegu endingarnar **.biz .com .info .name .org**

Aftur á móti eru **.is .dk .uk .de** dæmi um endingar landsléna.³

Encyclopædia Britannica

Alfræðiorðabókin Britannica (enska: Encyclopædia Britannica) er elsta alfræðiorðabókarútgáfan á ensku um almenn málefni. Greinar hennar eru almennt taldar áreiðanlegar, nákvæmar og vel skrifaðar.



Upphaflega var alfræðiorðabókin gefin út í Edinborg af prentaranum Colin Macfarquhar og leturgrafaranum Andrew Bell. Fyrsta útgáfan var í þremur bindum sem komu út, eitt á ári, 1768 til 1771. Ritið seldist vel og þegar komið var að fjórðu útgáfunni árið 1809 voru bindin orðin 20.

Á 8. áratug 19. aldar flutti útgáfan frá Edinborg til London og varð hluti af samsteypu dagblaðsins The Times. Eftir 11. útgáfu Britannicu, árið 1911, flutti hún á ný, nú til Chicago, þar sem hún komst í eigu Sears verslanafyrirtækisins. Hún er enn staðsett í Chicago, en síðan 1996 hefur eigandinn verið svissneski milljarðamæringurinn Jacqui Safra sem á líka Merriam-Webster orðabókina. Síðasta útgáfan kom út í 32 bindum árið 2010.

Í mars árið 2012 var tilkynnt að prentútgáfu ritsins yrði hætt en áfram yrði hugað að þróun Encyclopædia Britannica Online.

20. apríl 1999 gerði Björn Bjarnason fyrir hönd menntamálaráðuneytis Íslands samning við Encyclopædia Britannica International Ltd þess efnis að öll íslensk IP-net fengju aðgang að vefútgáfu alfræðiorðabókarinnar gegn ákveðnum skilyrðum, sem sett voru fram í samningnum. Gilti hann til 30. apríl 2000 og borgaði ráðuneytið £10.000, eða rúmlega eina milljón íslenskra króna fyrir.

Þetta var í fyrsta skipti sem slíkur aðgangur hafði verið keyptur fyrir heilt land, en slíkir samningar eru oftast gerðir við einstaka skóla, þá oftast mennta- eða háskóla. Verðið sem einstaklingur þarf að borga fyrir ársaðgang að alfræðiorðabókinni á vefnum er £40. Miðað við það fékk menntamálaráðuneytið um 99,9% afslátt ef borið er saman við að íbúar landsins hefðu allir keypt aðgang sjálfir.

² [Lénaskráning erlendis](#)

³ Heimild: [Netöryggi.is](#)